

GRUNNNÁM Í MANNFRÆÐI

BA-nám í mannfræði

- BA-nám er þriggja ára nám. Hægt er að taka mannfræði sem aðalgrein til 180 eða 120 eininga og sem aukagrein til 60 eininga. Boðið er upp á líffræðilega mannfræði sem aukagrein (60e), en um er að ræða þverfræðilegt nám þar sem m.a. eru tekin námskeið í líffræði og fornleifafræði auk mannfræði.
- Á fyrsta ári í mannfræði sem aðalgrein eru nemendum kenndar grunnhugmyndir og hugtök félagslegrar og líffræðilegrar mannfræði. Nemendur læra einnig um rannsóknir mannfræðinga og aðferðir sem þeir nota til að afla gagna og ýmsar kenningar sem þeir beita við greiningu þeirra.
- Á öðru og þriðja ári hafa nemendur val í námi sínu. Meðal valnámskeiða má nefna: Kommon sens- Mannfræði skynjunar, Stríðsátök og friðarferli, Afríka í hnattvæddum heimi samtímans, Heilsumannfræði, Umhverfismannfræði, Þjóðernishópar, Börn og barnæska, Sjónræn mannfræði, Mannfræði Eyjaálfa, Líkami og samfélag, Norðurslóðir, Mannfræði lista, Táknræn mannfræði og Alþjóðleg þróunarsamvinna fyrir og eftir 11. september.

FRAMHALDSNÁM Í MANNFRÆÐI OG ÞRÓUNARFRÆÐUM

MA í mannfræði (120e)

Þeir sem taka MA-próf í mannfræði bæta við sig tveimur árum í sjálfstæðu fræðilegu rannsóknarnámi. Það felst annars vegar í viðamikilli ritgerð (40-60e) og hins vegar í námskeiðum á völdum sviðum rannsóknaraðferða og kenninga.

Inntökuskilyrði er BA-próf með a.m.k. 30 einingar í mannfræði og fyrstu einkunn. Nemar geta lagt áherslu á sérstök svið mannfræðinnar eins og heilsumannfræði, líffræðilega mannfræði eða fjölmenningu. Boðið er upp á einstaklingsmiðað rannsóknarnám í líffræðilegri mannfræði og er MA-verkefnið að jafnaði 80 einingar.

MA í þróunarfræðum (120e)

Meistaránám í þróunarfræðum veitir nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við viðfangsefni á sviði þróunarmála, jafnframt því að undirbúa þá undir rannsóknarvinnu. Inntökuskilyrði er próf frá Háskóla Íslands (fyrsta einkunn) eða sambærilegt próf.



MA í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningarfræðum (120e)

Í náminu öðlast nemendur fræðilega þekkingu á fjölmenningu og tengdum viðfangsefnum svo sem fólksflutningum, þjóðerni, kynþáttahyggju, aðlögun og samþættingu. Markmið námsins er að kenna nemendum undirstöðuatriði í rannsóknarvinnu sem gagnast við störf að rannsóknum, í frekara námi og í hagnýtum störfum.

MA nám með áherslu á efnismenningu (120e)

Mannfræði, þjóðfræði, fornleifafræði, safnafræði og ferðamálafræði standa saman að kjörsviði fyrir meistaránema sína þar sem sérstök áhersla er lögð á efnismenningu. Þeir meistaránemar í mannfræði sem velja þetta kjörsvið munu meðal annars kynnast umfjöllun í mannfræði um listir, sjónræna menningu og skynjun en að auki er áhersla á að þeir kynnist umfjöllun um efnismenningu í þeim greinum öðrum sem að kjörsviðinu standa.

MA nám með áherslu á margbreytileika (120e)

Í náminu öðlast nemendur fræðilega þekkingu á fjölmenningu og tengdum viðfangsefnum svo sem fólksflutningum, þjóðerni, kynþáttahyggju, aðlögun og samþættingu. Markmið námsins er að kenna nemendum undirstöðuatriði í rannsóknarvinnu, sem gagnast við störf að rannsóknum, í frekara námi og í hagnýtum störfum.

Diplómanám í þróunarfræðum (30e)

Diplómanám í mannfræði (30e)

- Hnattræn tengsl, fólksflutningar og fjölmennung

Diplómanám í mannfræði (30e)

- Heilsa, líkami og menning

Doktorsnám í mannfræði og þróunarfræðum

Doktorsritgerð er metin til 180 eininga. Að auki þarf nemandi að taka 30e í námskeiðum. Gera má kröfu um að nemandi í doktorsnámi taki að auki allt að 60 eininga bóknámshluta, sé talin þörf á við viðkomandi bæti við undirstöðuþekkingu sína á fræðasviði ritgerðarinnar. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að nemandinn taki hluta námsins við erlendan háskóla.

MANNFRÆÐI Í FJARNÁMI

Unnt er að taka öll námskeið í grunn- og framhaldsnámi í mannfræði í fjarnámi. Fjarnámið hentar vel nemendum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins eða eiga af öðrum sökum óhægt um vik að sækja tíma. Fyrirlestrar eru teknir upp og eru aðgengilegir á lokuðu vefsvæði þar sem fjarnemar geta sótt þá þegar þeim hentar.

FASTIR KENRARAR Í MANNFRÆÐI

Agnar Sturla Helgason, rannsóknardósent, agnarh@hi.is

Gísli Pálsson, prófessor, gpals@hi.is

Jónína Einarsdóttir, prófessor, je@hi.is

Kristín Loftsdóttir, prófessor, kristinl@hi.is

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor, sduna@hi.is

Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor, unnurd@hi.is

Sveinn Eggertsson lektor, sveinne@hi.is

Skrifstofa Félags- og mannvísindadeildar

Gimli við Sæmundargötu

101 Reykjavík

Sími 525 5444

fom@hi.is

felagsogmannvis.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS